

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, föstudagur, 24. apríl 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um fjáráukalög 2020 - 724. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 22. apríl 2020, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um fjáráukalög 2020, 724. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Umrætt frumvarp er liður í aðgerðum vegna COVID-19 faraldurs sem nú geisar og er í frumvarpinu m.a. kveðið á um fjárhagslegar aðgerðir til að styrkja stöðu barna og fjölskyldna með margvíslegum hætti.

Barnaverndarstofa fagnar þeim aðgerðum sem settar eru fram í frumvarpinu. Reynslan sýnir að þegar álag er á fjölskyldur þá eykst hættu á vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum. Greining Barnaverndarstofu á tilkynningum til barnaverndarnefnda í mars 2020 bendir til þess að bæði vanræksla og ofbeldi kunni að vera að aukast. Greininguna má nálgast hér:


[http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/tilkynningum-fjolgargra-bornum-fra-foreldrum-og-fra-nagronnum.-fjolgun-tilkynninga-thar-sem-born-eru-talin-i-bradri-haettu\).](http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/tilkynningum-fjolgargra-bornum-fra-foreldrum-og-fra-nagronnum.-fjolgun-tilkynninga-thar-sem-born-eru-talin-i-bradri-haettu).)

Þegar litið er til ofangreinds er brýnt að grípa til margþættra aðgerða til að bæði styðja börn og fjölskyldur þeirra og eins aðgerða til að bregðast við auknu álagi á þau þjónustukerfi sem vinna með mál þar sem grunur leikur á um að vanræksla eða ofbeldi hafi átt sér stað. Telur Barnaverndarstofa þær aðgerðir, sem umrætt frumvarp kveður á um, séu gott skref í að bæta aðstæður barna sem og bregðast við auknum málþunga í barnaverndarkerfinu. Er styrking Barnahúss og barnaverndarkerfisins meðal þeirra þátta sem Barnaverndarstofa hefur hvatt ráðuneytið til að grípa til. Mælir Barnaverndarstofa eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að haft verði í huga að enn er töluverð óvissa varðandi þróun mála hér á landi, bæði varðandi veiruna sjálfa og afleiðingar hennar á efnahagslíf og þar með fjölskyldulíf. Barnaverndarstofa telur ekki ólíklegt að á næstu vikum og mánuðum þurfi að styrkja bæði ríki og sveitarfélög til að taka á auknum málafjölda í barnavernd umfram það sem fram kemur í frumvarpi þessu. Í þessu sambandi bendir Barnaverndarstofa á að í efnahagshruninu fyrir rúmum áratug fjölgaði tilkynningum um u.þ.b. 40% en sú fjölgun kom ekki fram fyrr en nokkrum mánuðum eftir hrun. Má því búast við því að tilkynningum um bágar aðstæður barna eigi eftir að fjölga á næstu mánuðum með tilheyrandi álagi á barnaverndarkerfið, sem verður þá mikilvægt að bregðast fljótt við.

Barnaverndarstofa veitir fjárlaganefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu